Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS

Eigum að stefna að 15-18% hlutdeild

„Við mótmælum því harðlega að færabátar, floti hinna dreifðu byggða eins og ég vil kalla þá, séu niðurnjörvaðir til allrar framtíðar við aðeins 5% af heildarveiðiheimildum," sagði Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, í samtali við Fiskifréttir er hann var spurður álits á makrílfrumvarpinu.


Örn Pálsson.

Örn sagði að færabátarnir hefðu verið að sækja í sig veðrið undanfarin ár. Þeir hefðu verið með innan við 1% af heildarveiðinni 2012 en farið í tæp 5% 2014. Ef þeim hefði verið gefið tækifæri til að afla sér veiðireynslu í nokkur ár til viðbótar gætu þeir auðveldlega farið í 15 til 18% af heildinni.

„Við erum andvígir því að stýra færaveiðum með kvótasetningu á bát. Við þurfum miklu lengri tíma til að laga okkur að þessum veiðum. Það nær heldur engri átt að rjúka upp til handa og fóta og kvótasetja þennan deilistofn fyrr en samið hefur verið um veiðar úr honum við aðrar þjóðir," sagði Örn.

Örn taldi að það hentaði mjög vel að veiða makríl á færi hér við land. „Færabátar stunda veiðar sínar á slóðum þar sem engar togveiðar fara fram og því er enginn árekstur á milli þeirra og stærri skipa. Það þarf að nýta alla slóðina, ekki síst nærmiðin þar sem lífríkið er sérstaklega viðkvæmt. Færabátar gegna þar mikilvægu hlutverki auk þess sem þeir veiða stærsta og verðmætasta makrílinn.

Ef við lítum til annarra landa sjáum við að áhersla er lögð á að bátar frá hinum dreifðu byggðum hafi nægjanlegar veiðiheimildir í makríl, þeir hafa jafnvel farið upp í 18% af heildinni og að því eigum við að stefna hér á landi," sagði Örn Pálsson.

» kjartan@fiskifrettir.is